

# Áfangalýsing – Enska



**Menntaskóli Borgarfjarðar**

**Námsgrein: ENSK3DÁ06 – Deilur og átök**

**Fjöldi framhaldsskólaeininga:**

6

**Undanfari: ENSK3BT06**

**Lýsing á efni áfangans:**

Í áfanganum verður sjónum beint að ólíkum átakasvæðum í heiminum. Skoðaðar verða bókmenntir og saga þess lands sem er í deiglunni og netefni sem tengjast átökum af trúarlegum, kynþátta- og stjórnmálalegum toga víða um heim. Skoðaðar verða kvikmyndir með tengdu efni. Nemendur velja tvö þverfagleg verkefni sem tengjast skáldsögum og fjalla um eitt skylduefni. Kennsla fer fram á ensku.

**Kennslugögn:**

Efni frá kennara

Angela 's ashes e. Frank McCourt

The Kite Runner e. Khalid Hussein

Nabeel 's song e. Jo Thatchell

Efni og kvikmyndir frá kennara og nemendum

## **Námsmat:**

Hópaverkefni: 30%

Einstaklingsverkefni: 40%

Munnleg skil: 20%

Frammistöðumat: 10%

## **Lokamarkmið áfanga:** (alls 8-12 markmið)

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :

- tilteknum áttaksvæðum í heiminum
- tilteknum bókmenntaverkum
- ólíkum siðum, venjum og hefðum ólíkra þjóða
- hvernig trúarbrögð eru notuð til að skapa ágreining milli hópa

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- þekkja tiltekin deilumál í heiminum
- bera kennsl á þá þætti sem vekja upp deilur milli hópa
- tjá sig um skoðanir sínar á tilteknum deilumálum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- átta sig á viðkvæmu ástandi víða um heim í dag og sögulegar skýringar á því
- skilja upphaf og ástæður deilna, t.d. milli ólíkra trúarhópa.
- tjá sig munnlega og skriflega á ensku um rökstuddar skoðanir sínar
- vinna sjálfstætt og í lýðræðislegri samvinnu við aðra á gagnrýninn hátt